

270. Stjórnarfundur FEBRANG 12/01/2026 í Menningarsalnum á Hellu

Mætt voru Finnur Egilsson, Jóna Elísabet Sverrisdóttir, Sigurborg Óskarsdóttir, Ásdís Ólafsdóttir, Einar G. Magnússon og Svavar Hauksson. Svavar Ólafsson boðaði forföll. Formaður bað Sigdísi Oddsdóttur að rita fundargerð og lesa síðustu fundargerð.

1. LEB hefur verið í fundarherferð undanfarna mánuði og mun næsti fundur þeirra verða þriðjudaginn 13/01/2026 á Hellu. Formaður og framkvæmdastjóri LEB munu sitja fyrir svörum.
2. Ofbeldi gegn eldri borgurum. Umræða um ofbeldi gegn eldri borgurum hefur verið áberandi undanfarið. Stjórn FEBRANG tekur undir þessa umræðu og lýsir verulegum áhyggjum af stöðu mála. Frekari upplýsinga um þetta málefni verður aflað á fundi LEB þann 13/01/2026.
3. Gjaldkeri og formaður bera undir stjórn tillögu um að fá fagaðila til að sjá um gerð rekstrarreiknings fyrir félagið. Einar fer í málið. Stjórn samþykkir þá tillögu.
4. Umræður um að fella niður félagsgjöld þegar fólk nær 90 ára aldri. Sú tillaga verður borin fram á aðalfundi.
5. Aðalfundur verður þann 23/03/2026 í Menningarsalnum á Hellu. Stjórn FEBRANG vill leggja áherslu á að fólk gefi sig fram sem fyrst ef það vill gefa kost á sér í stjórn eða nefndir. Dísá sér um að búa til auglýsingar.
6. Fréttabréf FEBRANG verður sett á netið á næstu vikum.
7. LEB óskar eftir tölulegum upplýsingum um fjölda félagsmanna. Einar mun sjá um að senda þær upplýsingar.
8. Svavar Ólafsson talaði við leiðbeinanda varðandi línudans en því miður sá hún sér ekki fært að taka það að sér. Ýmsar aðrar lausnir eru í farvatninu en ekkert er ljóst eins og er. Skýrist vonandi á næsta fundi.
9. Ferðanefnd mun hittast fljótlega til að skipuleggja ferð fyrir komandi sumar. Stefnt er að því að fara síðsumars í eina dagsferð.
10. Önnur mál
11. Næsti fundur verður 9.febrúar kl 13

Fundi slitið kl 15